



Atvinnuþróunarfélag  
Pingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



NORDURÞING



# ÁRSSKÝRSLA 2019

## ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Netfang: [lotta@ssne.is](mailto:lotta@ssne.is)

Heimasíða: [www.nordurthing.is/oxarfjordur](http://www.nordurthing.is/oxarfjordur)

Sími: 849-4411

Bakkagötu 8, 670 Kópaskeri

# EFNISYFIRLIT

1. Almennt .....	3
2. Verkefnisstjórn ÖÍS .....	3
3. Íbúafundir .....	3
4. Fundir, viðburðir, málþing.....	3
5. Styrkt verkefni á árinu 2019 .....	4
6. Helstu verkefni.....	4
7. Framfaraverkefni.....	5

# SAMANTEKT FRÁ ÁRINU 2019

## Almennt

Starfið gekk almennt vel á árinu og er mikil gróska í framfaraverkefnum á vegum íbúa, en þá telst verkefnisstjóra til að a.m.k. þrjátíu verkefni séu í gangi eða langt komin. Þetta eru allt metnaðarfull og fjölbreytt verkefni sem sýnir að íbúar sjá sóknarfæri víða og gera sitt besta til þess að nýta þau. Íbúafjöldi svæðisins í heild fór frá 306 í byrjun árs 2018 til 315 í ársbyrjun 2019 sem er jákvætt. Í lok árs 2019 (1.jan.2020) voru íbúar 316.

Verkefnisstjórn ÖÍS sendi í árslok 2018 erindi til Byggðastofnunar þar sem óskað var eftir því að kanna möguleika á framlengingu verkefnisins um ár til viðbótar þ.e.a.s. út árið 2020. Var það samþykkt og kynnt á íbúafundi 29. janúar. Íbúar hafa verið duglegir að leita til verkefnisstjóra ÖÍS með ýmis mál, þá sérstaklega hvað varðar styrktarmál, milligöngu/samskipti við stjórnarsýslu o. fl. Í ljósi þess að Öxarfjarðarhérað ef afar stórt landfræðilega séð og fjölbreytt samfélag þá þróaðist það þannig að íbúar Kelduhverfis voru lítið að tengja sig við verkefnið eða sækja um styrki/stuðning til að byrja með en verkefnisstjóri lagði mikið upp úr því að kynna verkefnið til íbúa þar og hefur það skilað sér í talsvert mörgum umsóknum um styrki ásamt því að frumkvöðlar hafa nýtt sér aðstoð verkefnisstjóra við m.a. gerð viðskiptaáætlana o. þ. h.

Aðrar breytingar á árinu sem vert er að nefna eru að starf verkefnisstjóra ÖÍS hefur fram að þessu verið „hýst“ hjá *Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga* sem var á árinu sameinað við *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar* og *Eyþing* í nýju félagi, *Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra(SSNE)* og er verkefnisstjóri því starfsmaður *SSNE frá byrjun árs 2020*. Verkefnisstjóri fór í fæðingarorlof á árinu n.t.t. frá 23. september til ársloka 2019, sinnti þó verkefnum eftir þörfum svo sem upplýsingagjöf, skipulagningu 1. des hátíðar á Kópaskeri ásamt því að aðstoða frumkvöðla við gerð umsókna sem voru á dagskrá haustið 2019.

## Verkefnisstjórn Öxarfjarðar í sókn

Verkefnisstjórnin var að mestu leyti óbreytt frá árinu 2019, þó var aðeins misjafnt hver sat fyrir hönd Eyþings á árinu, *Hilda Jana Gísladóttir* komin inn á eftir *Páli B. Guðmundssyni* og þá *Helga María Pétursdóttir* sem nú situr í verkefnisstjórninni. Alls voru haldnir fjórir verkefnisstjórnarfundir á árinu.

**Hér að neðan má sjá dagskrá allra funda verkefnisstjórnarinnar á árinu 2019:**

**14. janúar 2019 Skypefundur**

**Fundinn sátu:**

Charlotta Englund, Eva Pandora Baldursdóttir, Kristján Þór Magnússon, Kristján Þórhallur Halldórsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Reinhard Reynisson, Salbjörg Matthíasdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

Sérstakur fundur vegna tillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og þá sérstaklega vegna svæðisins norðan Ásbyrgis/Jökulsárgljúfurs. Verkefnisstjórn ÖÍS sendi umsögn.

**29. janúar 2019 kl. 17:00 Snertifundur Lundi****Fundinn sátu:**

Charlotta Englund, Eva Pandora Baldursdóttir, Kristján Þór Magnússon, Kristján Þórhallur Halldórsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Reinhard Reynisson, Salbjörg Matthíasdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

**Dagskrá**

1. Birting fundargerða verkefnisstjórnar ÖÍS.
2. Gefluhúsin á Kópaskeri.
3. Upphæð frá Byggðastofnun til verkefnastyrkja í Öxarfjarðarhéraði á árinu.
4. Erindi til Byggðastofnunar vegna Framlengingar ÖÍS.

**8. apríl 2019 kl. 13:00 Skype fundur****Fundinn sátu:**

Charlotta Englund, Eva Pandora Baldursdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Kristján Þór Magnússon, Reinhard Reynisson og Stefán Haukur Grímsson.

**Dagskrá**

1. Yfirferð á tillögum matsnefndarinnar á umsóknum. Alls bárust fimmtán umsóknir og ákveðið að styrkja níu verkefni að þessu sinni. Til ráðstöfunar voru 5 m. kr. og var samtals sótt um fyrir tæplega 22. m. kr.

Ákveðið var að styrkja eftirfarandi verkefni:

- Miðnætur hestaferðir í Öxarfjarðarhéraði – Bjarnastaðir Horse Tours
- Veiðitengd ferðaþjónusta í Garði – Kristinn Rúnar Tryggvason
- Kynning á nýjum Dettifossvegi - Norðurhjari
- Scuba diving í Öxarfjarðarhéraði – Neil Robertson
- Deiliskipulagsvinna á Meiðavöllum – Ágústa Ágústsdóttir
- Kjötvinnsla í Árdal – Salbjörg Matthíasdóttir
- Misgengisgönguhressing \_ Skjálftafélagið
- Rófuræktun á Presthólum – Klapparós ehf
- Ullarvinnslan á Gilhaga – Mosabotnar ehf

2. Gefluhúsin á Kópaskeri.

## 28. maí 2019 Snertifundur á Kópaskeri

### Fundinn sátu:

Charlotta Englund, Eva Pandora Baldursdóttir, Kristján Þór Magnússon, Kristján Þórhallur Halldórsson, Helga María Pétursdóttir, Reinhard Reynisson, Salbjörg Matthíasdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

### Dagskrá

1. Yfirferð á verkefnum s.l. mánuði og almennar umræður.
2. Hádegismatur í Skerjakollu
3. Gefluhúsin- hvað á að gera og hvernig. Þarf eitthvað að gerast núna ef þetta á að nýtast rófubændum í sumar.
4. Starfsmarkmið þar sem verkefnisstjórnin er skráð sem ábyrgðaraðili: Hvað á að gera, hver og hvernig.
5. Önnur verkefni sem þarf að setja á dagskrá hjá verkefnisstjóra.

## Íbúafundur ÖÍS

Einn íbúafundur var haldinn 29. janúar á árinu 2019 og var sá haldinn í Lundi í Öxarfirði. Þar var m.a. á dagskrá kynning á stöðu starfsmarkmiða ásamt kynningu nokkurra sprotaverkefna á svæðinu. Þá var að lokum farið í að endurskoða/meta starfsmarkmið ÖÍS fyrir komandi ár. Vel tókst til og var endurskoðuð „*framτίðarsýn og markmið*“ skýrsla birt í kjölfarið [http://atthing.is/wp-content/uploads/2019/04/Framt%C3%AD%C3%B0ars%C3%BDn\\_Meginmarkmi%C3%B0-jan%C3%BAar-2019.pdf](http://atthing.is/wp-content/uploads/2019/04/Framt%C3%AD%C3%B0ars%C3%BDn_Meginmarkmi%C3%B0-jan%C3%BAar-2019.pdf). Óhætt er að segja að fundurinn hafi verið afar góður sem og mætingin, alls mættu um fimmtíu manns.

## Fundir, viðburðir, málþing og annað

Verkefnisstjóri sótti fjölmarga fundi, málþing og viðburði á árinu sem nýttust í starfi. Má meðal annars nefna eftirfarandi: Íbúafund á vegum hverfisráða svæðisins, vinnufund um Atvinnustefnu VJP, Málþing AP, Málþing ÞÞ, Ársfund Byggðastofnunar og Atvinnuþróunarfélaga og kynningu á verkefninu Gróllind. Einnig voru margir samstarfs- og samráðsfundir við frumkvöðla sem og samstarfsfólk verkefnisstjóra.

Þá voru starfsmenn AP einnig með kynnisferðir á starfssvæðinu og tók verkefnisstjóri á móti starfsmönnum AP í ágúst og voru fyrirtæki og frumkvöðlar heimsótti.

## Styrkt verkefni á árinu 2019

Fimm milljónir voru til ráðstöfunar 2019 og metfjöldi umsókna barst eða nánar til tekið fimmtán umsóknir og fengu níu þeirra framgang. Voru ábyrgðaraðilar flestra verkefna búnir að skila lokaskýrslum í lok árs 2019

og framgangur allra verkefnanna góður. Sum hver hafa m.a. leitt til annarra stærri verkefna. Eftirfarandi verkefni hlutu styrki á árinu.

- Rófurækt á Presthólum
- Kjötvinnslan í Árdal
- Misgengisgönguhressing
- Deiliskipulag jarðar Meiðavalla við Ásbyrgi
- Miðnætur hestaferðir
- Scuba diving
- Ullarvinnslan á Gilhaga
- Veiðitengd ferðabjónusta í Garði
- Kynnum nýjan Dettifossvæg

**Greiðslustaða allra styrkja frá ÖÍS árið 2019 má sjá hér að neðan.**

2019	Greiðslur					
	Umsókn	Veittur styrkur	Fyrri greiðsla	Seinni greiðsla	Eftirstöðvar	
Norðurhjari-Kynnum nýjan Dettifossvæg	400.000 ISK	2.5.2019	200.000 ISK	29.01.2020/	120.000 ISK	80.000
Mosabotnar ehf-Ullarvinnslan í Gilhaga	850.000 ISK	2.5.2019	425.000 ISK			425.000
Skjálftafélagið-Misgengisgönguhressing	150.000 ISK	2.5.2019	75.000 ISK			75.000
Ágústa Ágústsdóttir-Deiliskipulag jarðar Meiðavalla við Ásbyrgi	650.000 ISK	2.5.2019	325.000 ISK			325.000
Rúnar Tryggvason-Garður guesthouse, veiðitengd ferðabjónusta	600.000 ISK	2.5.2019	300.000 ISK	7.1.2020	300.000 ISK	0
Halldór Svanur Olgeirsson-Þróun miðnætur hestaferða	375.000 ISK	2.5.2019	187.500 ISK	17.9.2019	187.500 ISK	0
Neil Robertson-Scuba diving in Öxarfjörður	300.000 ISK	2.5.2019	150.000 ISK			150.000
Salbjörg Matthíasdóttir-Kjötvinnsla í Árdal	1.000.000 ISK	2.5.2019	500.000 ISK	8.11.2019	500.000 ISK	0
Klapparós ehf-Rófurækt á Presthólum	675.000 ISK	2.5.2019	337.500 ISK			337.500
	<b>5.000.000</b>		<b>2.500.000</b>		<b>1.107.500</b>	<b>1.392.500</b>

## Helstu verkefni á árinu:

- Kynning á ÖÍS í ráðum og nefndum sveitarfélagsins.
- Umsögn um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, sem skilaði góðum árangri.
- Sýningin Heimildarlaus notkun bönnuð var sett upp aftur á Kópaskeri og þá var einnig farið í hreinsunaráttak á strandlengjunni við Kópasker.
- Sólstöðuhátíð var haldin á Kópaskeri og vel tókst til við að gera hátíðina stærri og umfangsmeiri en undanfarin ár sem skilaði sér í mikilli umferð fólks á Kópaskeri þá helgina. Voru m.a. haldnir bryggjutónleikar.
- Verkefnisstjóri fór í viðtal hjá N4 um ÖÍS.
- Þó nokkur vinna fór í að fjármagna rekstur Skjálftasetursins á Kópaskeri og einnig hófst vinna við endurstefnumótun þess og endurnýjun á sýningunni.
- Verkefnisstjóri var reglulega í sambandi við starfsmenn og fulltrúa sveitarfélagsins í sambandi við ýmis starfsmarkmið og önnur tilfallandi mál. Að jafnaði hefur það gengið vel og flestir tilbúnir til þess að stuðla að uppbyggingu samfélagsins við Öxarfjörð.

- Sótt var um í sjóð byggðaáætlunar, A9 Verslun í dreifbýli. Báðar verslanirnar á svæðinu, Ásbyrgi og Skerjakolla á Kópaskeri, fengu styrk að þessu sinni.

## Framfaraverkefni á svæðinu.

Það er reynsla verkefnisstjóra að íbúar svæðisins hugsi mikið í lausnum og horfi til framtíðar. Afar mörg frábær framfaraverkefni eru í gangi, þó hafa þau það flest öll sameiginlegt að vera háð styrkjum til þess að þokast áfram sem gerir það að verkum að stundum eru þau svolítið þung í vinnslu. Athugið að eftirfarandi upptalning tekur mið af árinu 2019.

- 1. Nútímafærsla og endur stefnumótun Skjálftasetursins á Kópaskeri.**  
Búið er að ráða verkefnisstjóra og fyrsti fundur verkefnisins er á dagskrá 23. september.
- 2. Rófurækt á Presthólum.**  
Allt að gerast þar, þau fara að taka upp fljótlega og eru komin með vinnsluáðstöðu í iðnaðarhúsnæði hjá Eyþóri Margeirssyni á Kópaskeri til að byrja með.
- 3. Miðnæturhestaferðir um svæðið.**  
Fyrsta ferðin var farin í sumar og gekk mjög vel og nánast er orðið fullbókað í næstu árið 2020. Stefnt er að því að bjóða upp á fleiri svona ferðir á næsta ári.
- 4. Sólstöðuhátíð á Kópaskeri 2019.**  
Það tókst afar vel að blása aðeins meira líf í hátíðina að þessu sinni og var mikil umferð um þorpið sólstöðuhátíðarhelgina.
- 5. Nýir rekstraraðilar í Skúlagarði.**  
Hafa verið að gera góða hluti í sumar og boðið upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir íbúa svæðisins samhliða gisti- og veitingaþjónustu.
- 6. Veiðitengd ferðaþjónusta í Garði.**  
Vex smátt og smátt, gæsaveiðin var afar eftirsótt í ágúst.
- 7. Kjötvinnsla í Árdal.**  
Allt í vinnslu, búið er að kaupa frysti og koma honum upp.
- 8. Austurgarður 2.**  
Vinna í gangi þar sem snýr að breytingum á fjárhúsunum til þess að m.a. koma upp vinnuáðstöðu fyrir fyrirtækið SB-art. Nokkrar umsóknir í vinnslu sem vonandi skila árangri!

**9. Ullarvinnslan á Gilhaga.**

Þau stefna að því að hefja framleiðslu í ársbyrjun 2020.

**10. Kjöttvinnslan á Gilsbakka.**

Vinnsla og sala hefst núna í lok slátturtíðar 2019 að öllu óbreyttu.

**11. Melar á Kópaskeri.**

Nuddast alltaf áfram smátt og smátt og allt mjög vel unnið og hefur húsið tekið stakkaskiptum.

**12. Hugmyndir um grillhús í Kelduhverfi.**

Viðskiptaáætlun var unnin í sumar, forsendurnar breyttust þó aðeins og verkefnisstjóri hefur lítið heyrnt upp á síðkastið.

**13. Fjallalamb í sókn.**

Kínaverkefnið er í fullum gangi. Svo eru umræða einnig hafin um nýtt verkefni sem snýr að því að vinna beinin hér á Kópaskeri.

**14. Böð í Öxarfjarðarhéraði.**

Þokast alltaf áfram smátt og smátt, viðskiptaáætlun verkefnisins fer að klárast og m.a. var haft samband við forsvarsmenn Vök-baða um upplýsingar okkur til stuðnings. Ítarlegri teikningar á þjónustuhúsi bárust fyrir lok árs 2019 frá Katrínu Pétursdóttur.

**15. Hótelhugmyndir í Öxarfirði**

Snýst fyrst og fremst um fjármögnun eins og er.

**16. Skipulagsvinna á Meiðavöllum.**

Í vinnslu eins og er.

**17. Uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkaslétu.**

Er einnig í vinnslu.

**18. Fuglaskoðunarhús/skýli.**

Komin fuglaskoðunarskýli á Kópaskeri og Melrakkaslétu.

**19. Scuba diving hugmyndir skoðaðar.**

Verkefnið er í vinnslu.

**20. Kindakaffi "gangnamannakofinn".**

Vöruþróunarverkefni á vegum Kristínar í Sandfellshaga.

**21. Heimildarlaus notkun bönnuð ásamt strandarhreinsun.**



Íbúar fóru í skipulagða hreinsun á ströndum í kring um Kópasker í byrjun júní og var hluti þess sem safnað var til nýttur í sýninguna Heimildarlaus notkun bönnuð, listasýningar á vegum Guðmundar Arnar á Kópaskeri.

**22. Rannsóknarverkefni.** Ýmis rannsóknar-/vöktunar verkefni eru alltaf í gangi, má nefna tjald, sanderlu, kantarellur o. fl.

**23. Jarðarberjaræktun.**

Fyrsta uppskeran komin og er stefnt að því að rækta talsvert meira á næsta ári.

**24. Útgáfu barnabókar.**

Guðríður Baldvinsdóttir í Lóni stefnir að því að gefa út barnabók í haust.

**25. Misgengisgönguhressing.**

Búið er að hressa upp á þessa gönguleið.

**26. Norðurhjari - kynning á nýjum Dettifossvegi.**

Verkefni í vinnslu.

**27. Silfurstjarnan.**

Breytingar og stækkun í gangi.

**28. Fiskeldi á Röndinni.**

Skipulagsmál að fara í kynningarferli á næstu dögum.

**29. Vatnajökulspjóðgarður.**

Atvinnustefna þjóðgarðsins er nú í vinnslu og einnig er stefnt að því að bæta ýmsa innviði á komandi árum. Búið er að úthluta fjármagni til þessara verkefna:

- Göngupallur við DFV
- Nýtt þjónustusvæði við Hólmatungur
- Bættar hjóla- og gönguleiðir í Jökulsárgljúfrum
- Upplýsingamiðstöð í Vesturdal
- Útsýnispallur við Langavatnshöfða

**30. Öxarfjarðarskóli, þátttakandi í GERT.**

Markmið **GERT** verkefnisins (grunnmenntun efla í raunvísindum og tækni) er beinlínis að efla grunnmenntun í raunvísindum og tæknigreinum. Þetta er meðal annars gert með því að bjóða upp á lausnir (verkfærakistu) fyrir nemendur og kennara í grunnskólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar.

**31. Grænmetisræktun norðan Kópaskers.**

Hugmyndir um að koma einhverskonar grænmetisræktun af stað norðan Kópaskers.